

Minnisblað

Dagsetning: 21. ágúst 2024

Til: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Frá: Umhverfisstofnun

Efni: Tillaga að lagabreytingu í ljósi bágrar stöðu lundastofnsins

1. Tilefni

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vekja athygli ráðuneytisins á þeirri stöðu er nú er uppi varðandi bága stöðu lundastofnsins ásamt því að benda á að skortur er á viðeigandi stjórnækjum og úrræðum í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lagt er til að breytingar verði gerðar á lögnum svo hægt sé að bregðast við ástandinu.

2. Lundastofninn

Lundi er algengasti fugl landsins en [rannsóknir sýna](#) að stofnstærð hans hefur hrakað mikið á síðustu 30 árum og að meðalstofnvöxtur er undir sjálfbærnimörkum. Náttúrufræðistofa Suðurlands (hér eftir NS) hefur það hlutverk að vakta lundastofninn í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og telur NS að fækkunin sé sennilega yfir 50% frá 1995. Þessi samdráttur stafar af viðkomubresti hjá lunda sökum fæðuskorts, sem skýrist með $>1^{\circ}\text{C}$ aukningu á sjávarhita sunnan og vestanlands og seinkun á tímasetningu þörungablóma (á Selvogsbanka), og veiða. Veiðar á yfir 2 milljónum lunda árabilið 1997–2020 hafa líklega að mestu leyti verið ósjálfbærar og aukið stofnfækkun til viðbótar við fæðuskort og viðkomubrest.

Umhverfisstofnun fékk tvo erlenda sérfræðinga í veiðistjórnun og líkanagerð, Dr. Fred A. Johnson og Dr. Carl Walters, til þess að framkvæma stofnmat á íslenska lundastofninum út frá niðurstöðum NS. Þeir komust að því að mild ofveiði hafi sennilega átt sér stað frá nítjándu öld og að langtímafækkun í stofninum sé líklega að hluta til vegna hægra en uppsafnaðra áhrifa veiða. Enn fremur sýndu líkananiðurstöður að það séu miðlungs til miklar líkur á því að veiði hafi stuðlað að fækkun á síðasta áratugnum og að áframhaldandi veiðar samannbornar síðustu árum séu líklegar til þess að valda frekari fækkun nema umhverfisaðstæður breytist til hins betra og viðkoma batni með því. Ekki er hægt að stjórna umhverfisaðstæðum og því er mikilvægt að fá einhver stjórnækki í hendurnar til þess að geta stjórnað veiðum.

3. Vandkvæði í lögum

Síðustu 10 ár hafa um 25-35 þúsund lundar verið veiddir árlega. Umhverfisstofnun hefur ekki hreinar tölur um það hvert hlutfall skot- og hlunnindaveiða (háfaveiðar þeirra sem eiga hlunnindi að lundatekju) er af þeirri tölu, en talið er að hlunnindaveiðar séu um 90% af heildarveiðinni. Til stendur að bæta skráningar í veiðikortakerfinu svo hægt sé að fá hreinni tölur um hlutfallið. Háfaveiði á lunda er hluti af íslenskri menningu og ætti að viðhalda að einhverju leyti en það skýtur skökku við að lundi sé veiddur í atvinnuskyni sem söluvara til veitingastaða þegar stofninn er ósjálfbær og tegundin er metin í bráðri hættu af Náttúrufræðistofnun og skráð í viðkvæmri stöðu á heimsválista Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN). Á Íslandi er stærsta lundavarp heims og við gegnum því lykilhlutverki í vernd stofnsins þar sem öll veiði fer fram á varpstöðvum.

Án lagabreytinga er ekki mögulegt að hafa áhrif á hlunnindaveiðar. Ekki er hægt að stöðva þær, stytta veiðitíma þeirra eða setja sölubann á lundanyttjar og því standa engin stjórnþæki eða úrræði til boða þess að vernda stofninn. Umhverfisstofnun vinnur nú, ásamt Náttúrufræðistofnun og hagsmunaaðilum, að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir lunda. Í ágúst 2023 kom út [samantekt úr vinnustofu](#) um stjórnunar- og verndaráætlun lunda og lögðu þátttakendur stofunnar til að bann yrði lagt á sölu lunda, með möguleika á tilslökunum í sérstökum tilvikum, t.a.m. fyrir villibráðaveislur með leyfi. Einnig var lagt til að skoða takmarkanir á skotveiðitímabili, þó skotveiði sé óverulegur hluti af heildarveiði lunda.

Eins og löggin eru í dag gera takmarkanir sem eru til staðar í lögum nr. 64/1994 eða í reglugerð nr. 456/1994 lítið gagn í því að stemma stigu við stofnfækkun en tekið er fram í bæði 4. og 5. mgr. 20. gr. að friðunarákvæði laganna skuli ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megir þau hlunnindi, sem talin eru upp í greinunum, eftirleiðis. Það er því ekki hægt að stytta veiðitímann né banna hlunnindaveiðarnar þar sem meginregla núgildandi laga um afléttingu friðunar við ákveðnar aðstæður nær ekki til nýtingar hlunninda. Sömuleiðis eru ekki til heimildir til að banna þá eggja- eða ungatöku sem heimiluð er í áðurnefndri 20. gr.

Hið sama má segja með sölubann en í 1. mgr. 17. gr. laganna segir að ráðherra sé heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar. Þetta ákvæði á ekki heldur við um hlunnindaveiðar þar sem þeir fuglar eru ekki veiddir á grundvelli þess að friðun þeirra hafi verið aflétt.

Þá skal bent á að tilmæli Umhverfisstofnunar um að veiðimenn gæti hófs við veiðar og sölu á lunda hafa sennilega ekki náð tilsettum árangri. Könnun Umhverfisstofnunar leiddi í ljós að lunda er enn hægt að kaupa á fjölmörgum veitingastöðum um land allt og í fjölmiðlum hafa birst ummæli við veitingamenn sem eru umsvifamiklir í sölu á lundakjöti sem sögðust draga mjög í efa niðurstöður rannsókna og að þeir ætluðu að halda sínu striki varðandi sölu á lunda. Þess má einnig geta að slík tilmæli hafa áður verið gefin út, t.a.m. 2011 af Svandísi

Svavarsdóttur ráðherra, en veiðin jókst það ár í 42 þúsund fugla úr 33 þúsundum frá árinu áður.

4. Tillögur að breytingum á lögum nr. 64/1994

Lagðar eru til eftirtaldar tillögur að þeim stjórnækjum sem Umhverfisstofnun telur vanta í lögin og tillögur að lagabreytingum til útfærslu á þeim. Starfsmenn Umhverfisstofnunar eru reiðubúnir að koma á fund ráðuneytisins til að ræða tillögurnar frekar og útfærslur á þeim.

- 17. gr. a. verði breytt á þá vegu að hægt verði að setja á sölubann á hlunnindaveiðar.
 - Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein: „Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra sem veiddir hafa verið á grundvelli hlunnindanyttja sbr. 20. gr., enda sé það talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.“
- 20. gr. verði breytt á þá vegu að hægt verði að stytta veiðitímabil sem tiltekið er í 5. mgr. eða leggja á bann við veiðum sem falla undir 20. gr..
 - Bæta nýrri málsgrein við 20. gr.: „Þrátt fyrir ofangreindar heimildir getur ráðherra í reglugerð stytta veiðitímabil einstakra tegunda sem talda eru upp í 5. mgr. eða sett á veiðibann fyrir einstakar tegundir og afurðir þeirra sem falla undir hlunnindanyttjar skv. þessari grein sé það talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns. Veiðibann skal endurskoðað árlega.“

Með þessum tillögum er gengið skemur en lagt var til með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 sem var lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012. Breytingarnar sem hér eru lagðar til eru þó þannig að stjórnæki verða til staðar í lögunum til að bregðast við því ástandi sem nú er uppi. Með því að ganga skemur en áður hefur verið lagt upp með standa líkur til að frekari samstaða náist um tillögurnar.

Sjá tillöguna frá 140. löggjafarþingi hér: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/140/s/1148.pdf>